



SSV  
Samtök sveitarfélaga  
á Vesturlandi

Borgarnesi 22.03 2016

Akraneskaupstaður

b.t. Regína Ásvaldsdóttir

Stíllholti 16-18

300 Akranesi

### Efni: Svar við fyrirspurn um Vesturlandsstofu

Með bréfi dagsettu 1. mars s.l. óskaði bæjarráð Akraneskaupstaðar eftir upplýsingum um fjármögnun Vesturlandsstofu (Markaðsstofu Vesturlands). Auk þess var óskað eftir upplýsingum um verkefni Vesturlandsstofu sem tengjast Akranesi sérstaklega og áætlanir um fjölgun ferðamanna. Hér að neðan eru svör okkar við áðurnefndum fyrirspurnum.

### Fjármögnun á rekstri Vesturlandsstofu

Rekstur Vesturlandsstofu er fyrst og fremst fjármagnaður með fjárveitingum opinberra aðila, sölu á þjónustu og sölu á vörum. Vesturlandsstofa fær annars vegar fjárveitingar vegna reksturs á markaðsstofu fyrir landshlutann og hins vegar vegna reksturs á upplýsingamiðstöð fyrir Vesturland. Í ársreikningi fyrir árið 2015 má sjá að skipting fjármögnunar er með eftirfarandi hætti:

#### a. Framlög opinberra aðila

Framlög opinberra aðila koma frá ríkinu, SSV og Borgarbyggð og skiptast þannig:

- Framlag frá Ferðamálastofu	kr.7.612.000
- Framlag frá Ferðamálastofu v. uppl.m	kr.2.760.000
- Framlag frá SSV	kr.5.000.000 (ákvörðun haustþings)
- Framlag frá Borgarbyggð v. uppl.m.	kr.2.700.000

Framlög opinberra aðila vegna sérverkefna

- Framlög sveitarfélaga vegna sérverkefna	kr.1.140.000.
Verkefnin eru umsjón með visitsíðum héraða	
- Framlög vegna vinnu við sóknaráætlunarverkefni	kr.1.645.000
Akraborgarverkefni og Breiðafjarðarverkefni	
- Þátttökugjöld ferðapjónustuaðila í Mannamótum	kr 810.000
Þessar tekur eru færðar sem styrkur í ársreikningi en eru í raun þátttökugjöld í ferðasýningu	

Samtals framlög opinberra aðila

**kr.21.667.000**

Akraneskaupstaður leggur því ekki fjármagn með beinum hætti til Vesturlandsstofu, en framlag bæjarins kemur í gegnum framlag SSV.

## **b. Þjónustugjöld, seld þjónusta og vörusala**

Undir þessum tekjulið eru þjónustugjöld ferðaþjónustuaðila stærsti liðurinn. Sveitarfélög og fyrirtæki í ferðaþjónustu á Vesturlandi eru flest aðilar að Vesturlandsstofu og greiða fast gjald. Fyrsta skráning kostar kr. 45.000 árið 2016, en ef sami aðili er með fleiri skráningar þá fást þær á ákveðnum afsláttarkjörum. Þannig er Akraneskaupstaður með 6 skráningar sem ættu samkvæmt gjaldskrá að kosta kr.105.000 alls. Alls eru níu aðilar á Akranesi, fyrir utan Akraneskaupstað, sem greiða þjónustugjöld í Vesturlandsstofu. Tekjur Vesturlandsstofu af þjónustugjöldum, útseldri vinnu og vörum er eftirfarandi:

- Þjónustugjöld	kr.6.377.238
- Seld þjónusta	kr.4.162.234
- Vörusala	kr.1.334.382

Samtals tekjur af vörum og þjónustu **kr.12.652.854**

Tekjur Vesturlandsstofu á árinu 2015 voru því 34.319.854, en rekstrargjöld voru 29.889.605, afskriftir 653.633 og fjármagnsgjöld 566.515. Hagnaður ársins 2015 nam því 3.210.101. Nánari upplýsingar eru í ársreikningi sem fylgir bréfinu.

## **Verkefni Vesturlandsstofu**

Megin hlutverk Vesturlandsstofu er að samþætta markaðs- og kynningarstarf á Vesturlandi, þannig að markaðssetning á landshlutanum sé unnin á einum stað í samstarfi ferðaþjónustuaðila, sveitarfélaga og ferðamálasamtaka. Í samstarfi er auðveldara að styrkja ímynd Vesturlands og kynna svæðið sem áhugaverðan áningarstað fyrir ferðamenn. Markmiðið er að Vesturlandsstofa verði einn helsti drifkrafturinn í þróun ferðamála á Vesturlandi og öflugur samstarfsvettvangur ferðaþjónustuaðila og sveitarfélaga í landshlutanum, sem vinni í samræmi við sameiginlega sýn og skýra stefnu aðila.

Vesturlandsstofa hefur farið ýmsar leiðir við markaðasetningu á Vesturlandi. Hún heldur úti öflugri heimasíðu west.is og á síðasta ári voru um 200.000 heimsóknir á síðuna. Árlega er gefinn út bæklingur um ferðaþjónustu á Vesturlandi og borðkort af svæðinu. Þá hefur verið gefið út kynningarefni um ákveðna staði á Vesturlandi og má þar nefna að Vesturlandsstofa lét gera sérstakt myndband um Safnasvæðið á Akranesi og á næstu vikum mun koma út myndband um vitana á Akranesi. Vesturlandsstofa stendur fyrir ferðasýningunni Mannamótum ásamt öðrum markaðsstofum, en þar gefst fyrirtækjum kostur á að kynna sig fyrir ferðaskrifstofum á Reykjavíkursvæðinu. Þá hefur Vesturlandsstofa tekið þátt í Vestnordenkaupstefnunni og fleiri alþjóðlegum ferðaráðstefnum. Á þessum ráðstefnum er verið að tengja ferðaskipuleggjendur við fyrirtæki á Vesturlandi. Samskipti við ferðaskrifstofur er stór hluti af vinnu markaðsstofunnar. Þá er mikið um að Vesturlandsstofa skipuleggi og fari með bæði innlenda og erlenda blaðamenn um Vesturland sem og starfsmenn upplýsingamiðstöðva og kynni landshlutann. Slíkar ferðir hafa m.a. verið farnar um Akranes.

Þá hefur Vesturlandsstofa unnið með ýmsum ferðaþjónustuaðilum við að byggja upp og kynna sína starfsemi. Á Akranesi má nefna fyrirtæki eins og Wild west tours og Thor photograpic tours sem hafa nýtt sér þjónustu Vesturlandsstofu.

Til að styrkja samstarf ferðaþjónustuaðila stendur Vesturlandsstofa árlega fyrir degi ferðaþjónustunar á Vesturlandi að vori og uppskeruhátíð ferðaþjónustunar að hausti. Í tengslum við þessa viðburði er verið að kynna ferðaþjónustu á þeim stöðum þar sem viðburðirnir fara fram, en uppskeruhátíðin 2014 fór fram á Akranesi og í Hvalfirði.

Vesturlandsstofa hefur tekið að sér umsjón með sóknaráætlunarverkefnum. Á árunum 2013, 2014 og 2015 voru Akraborgarverkefnið og Breiðafjarðarverkefnið þau verkefni sem markaðsstofan hafði umsjón með. Akraborgarverkefnið hafði það sem markmið að auglýsa þjónustu ferðaþjónustufyrirtækja á Akranes-Hvalfjörður-Borgarfjörður svæðinu og efla þessa aðila í markaðssetningu. Sérstök áhersla var lögð á markaðssetningu utan háannartíma. Sóknaráætlun lagði alls 4,5 mkr til þessa verkefnis. Á árinu 2016 stýrir Vesturlandsstofa áhersluverkefni sem heitir Efling ferðaþjónustu á Vesturlandi. Verkefnið hefur tvö meginmarkmið, annars vegar að vinna stefnumótun í ferðaþjónustu fyrir Vesturland og hins vegar að styðja við markaðssetningu. Verkefnið hefur 9 m.kr til umráða. Einnig er Vesturlandsstofa þátttakandi í áhersluverkefni sem á m.a. að efla menntun í ferðaþjónustu og matvælaframleiðslu (beint frá býli) á Vesturlandi. Töluverður tími hefur farið í að vinna að þessum verkefnum og þau verkefni sem Vesturlandsstofa hefur haft umsjón með skapa markaðsstofunni mikilvægar sértekjur.

### **Framtíð Vesturlandsstofu**

Vesturlandsstofa hóf starfsemi sína árið 2008. Fyrstu árin voru erfið rekstrarlega og þegar Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi eignuðust allt hlutafé Vesturlandsstofu í árslok 2013 þá voru skuldir hennar rúmar 12 milljónir. Markvisst hefur verið unnið að hagræðingu og aðhalds gætt í rekstri og nú er svo komið að tekjur hafa staðið undir kostnaði s.l. tvö ár og skuldir hafa lækkað um ríflega helming. Í árslok 2015 voru skuldir við lánastofnanir 5,4 m.kr. Því má segja að markmiðið um að ná tókum á rekstrinum hafi gengið eftir og fjarhagsstaða Vesturlandsstofu er orðin viðunandi.

Haustið 2015 var Vesturland útnefnt sem næsti besti áfangastaður veraldar af ferðatímaritinu Lonely planet. Þessi útnefning skapar gríðarleg tækifæri fyrir ferðaþjónustu á Vesturlandi, en er jafnframt ákveðin viðurkenning fyrir ferðaþjónustaðila um að vel hafi verið unnið undanfarin ár. Því skiptir miklu máli að nýta tækifærið til að sækja fram.

Vesturlandsstofa er mun betur í stakk búin í dag til að taka þátt í slíkri vinnu en áður. Fyrirhugað er að bæta við starfsmanni á haustmánuðum og væntingar standa til þess að með stefnumótun fyrir ferðaþjónustuna takist að skerpa sýn og varða leiðina að öflugri ferðaþjónustu á öllu Vesturlandi. Viðurkenning Lonely planet er tæki til markaðssetningar sem Vestlendingar þurfa að grípa og byggja á. Ef það tekst er bjart framundan í ferðaþjónustu á Vesturlandi.

Með vinsemd og virðingu



Páll S. Brynjarsson

Framkvæmdastjóri SSV